




Efni: Hlíðarbraut 7, umsögn vegna fyrirspurnar um lóðarstækkun,

Þann 8. júlí sl. leggur Hartmann Kárason inn fyrirspurn til byggingarfulltrúa þar sem óskað er eftir lóðarstækkun við Hlíðarbraut 7. Með erindinu eru lögð fram gögn er sýna stækkunina. Óskað er eftir að stækka lóðina sem nemur 2m inn á opið bæjarland.

Sú stækkun sem óskað er eftir skerðir ekki aðgang almennings að þessu fallega svæði milli húsanna er standa við Hlíðarbraut, Hringbraut og Selvogsgötu.



Skjáskot er sýnir stækkunina. Stækkun merkt með rauðum lit.

Erindið er fyrirspurn. Taki bæjarstjórn jákvætt í erindið má leggja inn umsókn um lóðarstækkun. Verði sú umsókn samþykkt skal leggja inn umsókn um deiliskipulagsbreytingu, þar sem stækkun lóðar samræmist ekki gildandi deiliskipulagi, og skal sú málsmeðferð vera í samræmi við skipulagslög. Allar slíkar breytingar falla á þann sem eftir þeim óskar.